



ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan og staðfest samvist

Drög að ályktun kenningarnefndar í apríl 2006, endurskoðuð eftir Prestastefnu 2006 og Kirkjuþing 2006.

Inngangur

Hugtökin hjúskapur og hjónaband hafa hingað til verið notuð um lögformlega sambúð karls og konu. Prestar Þjóðkirkjunnar eru vígslumenn skv. lögum en hjónaefni geta hvort heldur óskað hjónavígslu hjá prestum eða forstöðumönnum trúfélaga eða borgaralega hjá sýslumönnum.

Til viðbótar hjónabandi hafa á síðari árum verið lögfest önnur sambúðarform og eitt þeirra er staðfest samvist samkynhneigðra sem heimiluð var með lögum nr. 87/1996. Samkvæmt lögnum geta tveir einstaklingar af sama kyni stofnað til staðfestrar samvistar. Þjóðkirkjan studdi þá laga-setningu. Mikil umræða fór fram innan kirkjunnar og nefnd á hennar vegum skilaði ítarlegu álitum sem lagt var fyrir kirkjuþing 1996, prestastefnu 1997 og kirkjuþing 1997 og eins var málið til umræðu á prestastefnu ári síðar.

Árið 1999 samdi biskup Íslands form fyrir fyrirbæn og blessun yfir staðfesta samvist og lét þeim prestum í té sem þess óskuðu.

Málefni samkynhneigðra hafa því lengi verið á dagskrá Þjóðkirkjunnar og ofarlega á baugi í umræðu innan hennar, sem og annars staðar í kirkjum víða um heim.

Umræðan hér á landi æ meir beinst að því hvort staðfest samvist verði skilgreind sem hjúskapur og hjónaband og prestar verði vígslumenn.

Nefnd á vegum forsætisráðherra lauk störfum haustið 2005 og beindi þeim tilmælum til Þjóðkirkjunnar að hún vígi samkynhneigða sem hjón. Í skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra segir: „Nefndin hvetur þjóðkirkjuna til þess að breyta afstöðu sinni gagnvart hjónaböndum samkynhneigðra þannig að samkynhneigðir geti fengið kirkjulega vígslu eins og gagnkynhneigð pör.“

Á vettvangi Þjóðkirkjunnar hefur ekki verið tekin formleg afstaða til aðkomu presta að stofnun staðfestrar samvistar, hvort þar skuli vera athöfn hliðstæð hjónavígslu eða hvort um sé að ræða blessun líkt og þegar borgaralega gift hjón æskja blessunar prests yfir hjónaband sitt. Löggjafinn hefur ekki stigið það skref að breyta skilgreiningu á hjónabandinu. Ljóst er að sú skilgreining er mótuð af sögulegum, og menningarlegum þáttum ekki síður en hefð og játningu kirkjunnar.

Á Prestastefnu 2005 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Prestastefna Íslands haldin í Neskirkju 22.-24. júní 2005 beinir þeim eindregnu tilmælum til biskups að hann feli ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni að bregðast við óskinni um að þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra þara með hliðstæðum hætti og þegar um karl og konu er að ræða.

Kenningarnefnd þjóðkirkjunnar hefur fjallað um málið á fundum sínum. Nefndin hefur kynnt sér hvernig umræðum um málefni samkynhneigðra er háttað meðal nágrannakirknanna og fyrir fundunum hefur legið ýmislegt efni um hjónaband og sambúð. Það sem gerði það að verkum að ekki virtist einvörðungu unnt að fjalla um spurninguna sem Prestastefnan beindi til kenningarnefndar var að fyrir Alþingi var á haustdögum 2005 lagt fram stjórnarfrumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra sem byggði á tillögum nefndar forsætisráðherra eins að ofan greinir. Samtímis umræðum um frumvarpið hófust umræður um breytingar á hjúskaparlöggjöfinni í þá veru að skilgreina skyldi hjónaband og hjúskap kynhlutlaust og trúfélögum þeim er samþykktu það veittur vígsluréttur í tengslum við hjúskap samkynhneigðra eða staðfesta samvist. Ljóst er að ágreiningur er um þetta mál.

Lagafrumvarpið sem felur í sér auknar réttarbætur samkynhneigðum til handa var samþykkt á vordögum á Alþingi 2006. Lögin fela ekki í sér breytingar á skilgreiningu á hjónabandinu og hjúskap.

I. Meginviðfangsefni til umræðu innan kirkjunnar

Kenningarnefnd telur málið einkum snerta

- a) *bíblíuskilning*
- b) *siðfræðilegar hefðir*
- c) *köllun kirkjunnar til þjónustu í heiminum*
- d) *kirkjuskilning.*

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um hvert þessara efna. Í lokin er ályktun og tillögur um aðgerðir.

a) *Bíblíuskilningur*

Að skilningi lútherskrar kirkju er Biblían undirstaða kenningar kirkjunnar (*sola Scriptura*). Lykillinn til skilnings á Ritningunni er Jesús Kristur og hjálpræðisverk hans (*solus Christus*) sem Guð veitir mönnum af einskærri náð (*sola gratia*) og menn verða að taka við í trú (*sola fide*). Það er verkefni guðfræðinnar og hins kristna safnaðar að greina að það sem snertir trúargrundvöllinn sjálfan og hjálpræði einstaklingsins, og það er varðar stundleg fyrirbæri.

Ljóst er að víða í Biblíunni, bæði í Gamla og Nýja testamentinu, er fjallað neikvætt um mök fólks af sama kyni og hefur þeim ritningarstöðum verið beitt gegn samkynhneigðu fólki. Sumir túlka þá ritningarstaði þannig að þarna sé samkynhneigð fordæmd sem slík. Aðrir telja þá ritningarstaði standa í ákveðnu menningarlegu og trúarlegu samhengi síns tíma og beri að skilja þá út frá því. Þarna takast á gagnstæð sjónarmið til Biblíunnar og hefðarinnar.

Að mati kenningarnefndar snerta þessir ritningarstaðir ekki trúargrundvöllinn svo að ágreiningur um túlkun þeirra sundri einingu kirkjunnar. Þessir staðir fordæma ekki samkynhneigð sem slíka og heldur ekki þá einstaklinga sem lifa í kærleiksríkri sambúð ástar og trúfesti.

b) *Siðfræðilegar hefðir*

Á grundvelli trúarinnar, að Guð sé skapari allra manna og að samur sé uppruni allra manna sem mynda eina fjölbreytta fjölskyldu um alla jörð, metur kirkjan alla jafna og talar máli réttlætis og mannréttinda. Á grundvelli trúarinnar á skapara himins og jarðar lítur kirkjan svo á að Guð kalli alla menn til þjónustu við sig í siðferðilega ábyrgu lífi, líka þá sem ekki viðurkenna tilvist hans. Að kristnum skilningi ber mönnum að lifa í heim-

inum samkvæmt tvöfalda kærleiksboðinu og gullnu reglunni. Þegar upp koma álitamál í siðferðilegum efnum, eins og hér er til umræðu, ber að hafa þau viðmið í heiðri.

Allt til þessa hafa ríki heims og trúarbrögð mannkyns gengið út frá því að hjónaband sé samband karls og konu. Skilgreining kirkjunnar á hjónabandi hefur alla tíð gengið út frá því sama að Guð hafi skapað manninn, karl og konu og blessað þau. Að lúterskum skilningi er hjónabandið þó ekki sakramenti og ekki á forræði kirkjunnar, heldur lýtur sifjarétturinn, og þar með stofnun hjúskapar, lögum ríkisins. Lúther mat hjónabandið mikils sem hina góðu sköpunarreglu Guðs og samdi hjónavígslurítúal sem var snemma þýtt á íslensku og notað hér með litlum breytingum til loka 19. aldar.

Aðkoma kirkjunnar að hjónavígslu byggir á því að ríkt hefur samskilningur menningar, löggjafar og trúar hvað varðar skilgreiningu á hjúskap svo að umræðan um endurskilgreiningu hjúskapar og hjónabands varðar samstöðu kirkju og samfélags.

Kirkjan viðurkennir önnur sambúðarform til viðbótar hjónabandi karls og konu.

c) Köllun kirkjunnar til þjónustu í heiminum

Kirkjan er kölluð til að þjóna og bera Jesú Kristi vitni í heiminum. Með iðkun sinni, boðun, sálgæslu og þjónustu leitast kirkjan við að vera gestrisin og opin og vitna þannig um kærleika Guðs og náð sem umvefur alla, jafnt samkynhneigða sem gagnkynhneigða.

Samkynhneigðir og fjölskyldur þeirra hafa oft mætt andúð og fordómum. Þeir þurfa því sérstaka umhyggju og stuðning hins kristna samfélags til að endurheimta og varðveita jákvæða sjálfsmynd sem Guðs börn og hluti hans góðu sköpunar.

Kristnu samfélagi er mikilvægt að sýna virðingu og umhyggju, þolinmæði og umburðarlyndi. Á öllum, jafnt samkynhneigðum sem gagnkynhneigðum hvílir sama grundvallarskylda trúfesti, ábyrgðar, hófsemi og virðingar. Öll eigum við að lifa samkvæmt kærleiksboðinu: “Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu og náunga þinn eins og sjálfan þig.”

Staðfest samvist er löggilt sambúðarform tveggja einstaklinga af sama kyni sem stofnað er hjá borgaralegum yfirvöldum og veitir þeim hliðstæð réttindi og hjónaband. Þjóðkirkjan styður þá einstaklinga af sama

kyni sem staðfesta samvist sína og skuldbindingar. Þjóðkirkjan vill standa með þeim í vilja þeirra og viðleitni til að lifa saman í ást og trúmennsku. Kenningarnefnd leggur því til að til þess bær kirkjuleg stjórnvöld, presta- stefna, biskupafundur og kirkjuþing samþykki að prestum þjóðkirkjunnar verði heimilt að blessa staðfesta samvist samkynhneigðra, samkvæmt formi sem sömu aðilar samþykki. Slík athöfn hefur ekki réttaráhrif, en er þó ekki síður mikilvæg.

Við hjónavígslu eru prestar í senn trúnaðarmenn ríkisvaldsins/þjóðfélags- ins og sálahirðar. Sem trúnaðarmenn ríkisvaldsins kanna þeir skilyrði til hjúskapar og gæta þess að öllum skilyrðum til hjónabands sé fullnægt og standa síðan við athöfnina sem opinberir vottar að ásetningi hjónanna um að lifa saman í hjónabandi. Sem sálahirðar áminna þeir hjónin um skyldur þeirra, kunngjöra þeim vilja Guðs um hjónabandið og biðja fyrir hjónunum og ásetningi þeirra og blessa þau.

Þegar um staðfesta samvist er að ræða er gengið frá lögformlegri hlið mála hjá borgaralegu yfirvaldi. Þeim sem það kjósa stendur til boða fyrir- bæn og blessun yfir samvist sína hjá þjónandi presti þjóðkirkjunnar. Í umboði kirkjunnar ber presturinn fram bæn fyrir þeim sem staðfesta samvist sína og biður Guð að styrkja og glæða hjá þeim vilja til að lifa saman í elsku og trúfesti.

Blessun er þáttur í helgihaldi kirkjunnar og lífi einstaklinga. Blessun er að þiggja varðveislu, náð og frið Guðs og miðla öðrum, eins og Drottinn mælti við Abraham: “Ég mun ...blessa þig og blessun skalt þú vera.” (1 Mós 12,2).

Blessunarorðin sem kennd eru við Aron (4. Mós 6,24): “Drottinn blessi þig og varðveiti þig.....” eru nátengd helgihaldi þjóðkirkjunnar. Þau hljóma í hverri messu kirkjunnar og í kirkjulegum athöfnum, í fyrirbæn og sálgæslu, og í bænalífi einstaklinga á heimilunum. Í guðsþjónustunni er blessun Drottins og friði lýst yfir alla viðstadda án manngreinarálits. Blessunarorðin í hinum kirkjulegu athöfnum við skírn og hjónavígslu er undir handayfirlagningu og bæn.

Hugtakið blessun hefur líka aðra merkingu í daglegu tali. „Að leggja blessun sína yfir“, tjáir staðfestingu, viðurkenningu, stuðning.

Þegar Þjóðkirkjan tekur upp helgisíði skilgreinir kirkjan þá og rökstyður út frá forsendum játningar sinnar, biblíulegrar heildarsýnar eða hefðar heilagrar, almennrar, postullegrar kirkju. Þess vegna hafa kirkjur almennt

skilgreint að blessun staðfestrar samvistar sé á sviði sálgæslu og fyrirbæna (pastoral sviði), en sé ekki athöfn með réttaráhrif, hliðstæða hjónavígslu.

d) Kirkjuskilningur

Undir kirkjuskilning falla spurningar um hvort og hvernig þjóðkirkjan eigi sem slík að taka afstöðu til siðferðilegra álitamála.

Í 7. grein Ágsvorgarjátningar segir að til að sönn eining ríki í kirkjunni sé nóg „að menn séu sammála um kenningu fagnaðarerindisins og um þjónustu sakramentanna. En ekki er nauðsynlegt, að alls staðar séu sömu mannasetningar eða helgisiðir eða kirkjusiðir, sem menn hafa sett.“

Á grundvelli játninga sinna og hefða hinnar almennu kirkju setur hin evangelíska lúterska þjóðkirkja á Íslandi sér helgisiði, svo sem um hjónavígslu, og hefur álitnið mikilvægt að samstaða ríki um þá siði innan kirkjunnar sem og í þjóðfélaginu. Og þótt stofnun hjúskapar sé málefni hins veraldlega valds hefur kirkjan átt þar hlut að máli vegna þess samhljóms siðarins sem hér hefur verið.

Íslenskan þjóðkirkjan rúmar ólíkar skoðanir á siðferðilegum álitamálum. Engin ein stofnun eða embætti kirkjunnar getur talist ótvíræð rödd hennar eða gefi úrskurði er bindi samvisku manna. Kirkjan vill stuðla að opnu samtali sem víðast á vettvangi kirkju og samfélags til að ná víðtækri sátt um grundvallaratriði. Það á eins við um siðferðileg álitamál, túlkun ritninganna, helgisiði kirkjunnar og starfshætti hennar.

Íslenska þjóðkirkjan er í samfélagi við aðrar lútherskar kirkjur og er aðili að Porvoo-samkomulaginu. Það hefur áhrif á það hvernig íslenska kirkjan mótar sína siði, fylgist með umræðu systurkirknanna og gerir þeim grein fyrir því hvernig málin þróast hér.

II. Ályktun og verkferli

a) Ályktun

1. Þjóðkirkjan kallar fólk til fylgdar við Krist og áréttar í boðun sinni og breytni boðskap hans um kærleika, manngildi og samábyrgð. Þjóðkirkjan metur alla jafnt án tillits til fjölskyldustöðu, í samræmi við kærleiksboðskap Krists.
2. Þjóðkirkjan heldur á lofti biblíulegum og kristilegum gildum sem styðja gott líf, stuðla að réttlæti og standa vörð um velferð allra, sérstaklega þeirra sem af einhverjum ástæðum eru misrétti beittir.

3. Þjóðkirkjan viðurkennir að kynhneigð fólks sé mismunandi og ítrekar að samkynhneigðir eru hluti af kirkju Krists og lifa undir fagnaðar-erindi hans.
4. Þjóðkirkjan vill styðja allt kristið fólk í viðleitni þess til að temja sér ábyrgan lífstíl og hvetur alla, jafnt samkynhneigða sem gagnkynhneigða, til að hlýða köllun Krists til náungakærleika og ábyrgðar í kynlífi, sambúð og fjölskyldulífi.
5. Þjóðkirkjan styður hjónabandið sem sáttmála karls og konu á forsendum hins kristna kærleika. Þjóðkirkjan styður ennfremur önnur sambúðarform á sömu forsendum.
6. Þjóðkirkjan styður þá einstaklinga af sama kyni sem vilja búa saman í ást og trúmennsku og staðfesta samvist sína og skuldbindingar. Þjóðkirkjan heimilar prestum sínum að blessa sambúð þeirra samkvæmt þar til ætluðu formi.

b) Verkferli

Kenningarnefnd samþykkti verkferli til að nálgast niðurstöðu á vettvangi kirkjunnar um það mál sem beint var til nefndarinnar af Prestastefnu 2005 „að bregðast við óskinni um að þjóðkirkjan komi að hjúskaparstofnun samkynhneigðra para með hliðstæðum hætti og þegar um karl og konu er að ræða“.

Þetta verkferli var kynnt á Kirkjuþingi 2005. Ályktun kenningarnefndar og spurningar sem þar voru settar fram til að auðvelda umræðuna voru til umfjöllunar á Prestastefnu 2006. Í þessum endurskoðuðum drögum hefur Kenningarnefnd tekið tillit til ábendinga sem komu fram á Prestastefnunni, auk smávægilegra annarra breytinga er einkum snúa að orðalagi er kenningarnefnd ræddi á fundi sínum 12. júní. sl.

Kirkjuþing 2006 samþykkti að drögum kenningarnefndar verði fylgt eftir og þau send til sókna og stofnana kirkjunnar til umræðu og viðbragða og komi til afgreiðslu á Kirkjuþingi 2007.

Í kjölfar samþykktar Kirkjuþings 2006 ákvað Kirkjuráð að fela próföstum að fylgja málinu eftir samkvæmt samþykkt Kirkjuþings. Til að stuðla að samtali um samkynhneigð og kirkju innan prófastsdæma og annars staðar á vettvangi kirkjunnar mun fræðsluvið Biskupsstofu áfram veita aðstoð við kynna þessa ályktun kenningarnefndar og það ítarefni sem er nú þegar að finna á vefsíðu kirkjunnar, kirkjan.is/samkynhneigdogkirkja.

Málið er þannig enn til umræðu og verður vonandi rætt á héraðsfundum og leikmannastefnu 2007 og kemur til afgreiðslu á Prestastefnu 2007 og að lokum á Kirkjuþingi 2007.

Helgisiðanefnd kynnti á Prestastefnu 2006 þrjár tillögur að formi fyrir blessun á staðfestri samvist og verða þær tillögur til reynslu innan kirkjunnar í eitt ár. Kenningarnefnd leggur áherslu á að þær tillögur sem helgisiðanefnd leggur fram verði eingöngu notaðar. Jafnframt hvetur kenningarnefnd til umræðu um þær tillögur.

Kenningarnefnd telur brýnt að málinu sé fylgt eftir innan stofnana þjóðkirkjunnar og kirkjunni gefist tóm til að fjalla um það.

Kenningarnefnd, ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni, er skipuð af biskupi Íslands samkvæmt 14. gr. Þjóðkirkjulaðanna og starfsreglum nr. 821/2000.

Í kenningarnefnd sitja biskup Íslands sr. Karl Sigurbjörnsson, og víglubiskuparnir sr. Jón A. Baldvinsson og sr. Sigurður Sigurðarson. Aðrir í nefndinni eru, Arnfríður Einarsdóttir, dómari, tilnefnd af Kirkjuþingi, dr. Einar Sigurbjörnsson, prófessor í trúfræði, dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur, tilnefndur af prestastefnu.

Varamenn sem hafa einnig tekið þátt í nefndarstörfum eru sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, héraðsprestur, dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent og Halla Bachmann Ólafsdóttir, lögfræðingur.

Ritari nefndarinnar er biskupsritari, sr. Þorvaldur Karl Helgason.